

Sveitarstjórnarfundur 20. desember 2021

Mánudaginn 20. desember 2021 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 37. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Arnlín Óladóttir, Margrét Ólöf Bjarnadóttir, Kristín Einarsdóttir og Halldór Logi Friðgeirsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00. Arnlín Óladóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 37. fundar:

1. Fundargerð 36. sveitarstjórnarfundar 5.12.2021.
2. Fundagerðir nefnda
3. Aðrar fundagerðir
4. Fjárhagsáætlun 2022 – Seinni umræða
5. Beiðni vegna leikskóla.
6. Beiðni Fjórðungssambands Vestfirðinga
7. Almannaþing og Covid 19

Fundargerð:

1. Fundargerð 36. sveitarstjórnarfundar 5.12.2021

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

2. Fundagerðir nefnda

Tekið fyrir 2. liður úr fundargerð fræðslunefndar sem var frestað á síðasta fundi. Um er að ræða 80 ára afmæli Drangnesskóla. Sveitarstjórn ákveður að halda umbeðinn fund með fræðslunefnd fljótlega eftir áramót.

3. Aðrar fundagerðir

1. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, 136 fundur heilbrigðisnefndar, 9.12.2021.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
2. SÍS, 107 fundur Landssambands slökkviliðs og sjúkraflutningamanna, 7.12.2021. Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
3. Samband íslenskra sveitarfélaga, 904. fundur stjórnar, 10.12.2021
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

4. Fjárhagsáætlun 2022 – Seinni umræða

Fjárhagsáætlun rædd ásamt 3ja ára áætlun. Helstu tölur:

Fjárhæðir í þúsundum króna

	A hluti	A og B hluti
Rekstrarniðurstaða 2022	10.442	13.286

Handbært fé frá rekstri	8.962	15.210
Fjárfestingar nettó	47.700	53.700
Tekin ný langtímalán	45.000	45.000
Handbært fé í árslok	32.194	32.194

Fjárhagsáætlun 2022 rædd og oddviti gerir grein fyrir rekstrarliðum sveitarfélagsins og fyrirhuguðum fjárfestingum ásamt fjármögnun

Borið upp og samþykkt samhljóða

5. Beiðni vegna leikskóla

Hreppnum barst beiðni frá foreldri þar sem óskað er eftir því hvort hægt sé að gera samning við Strandabyggð fyrir barn sem komið er á leikskólaaldur og er þess óskað að barnið fari í leikskóla á Hólmavík.

Erindi lagt fram til kynningar. Oddvita falið að kanna möguleika á að verða við beiðninni.

6. Beiðni Fjórðungssambands Vestfirðinga

Kosning í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer fram á haustþingi og kjósa skal fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara.

Fjórðungssamband Vestfirðinga óskar því eftir tilnefningu

Kaldrananeshrepps að áheyrnarfulltrúa í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Beiðni lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn ákveður að tilnefna Finn Ólafsson.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Almannaþingir og Covid 19

Sveitarstjórn fer yfir nýjustu sóttvarnarráðstafanir fyrir starfsemi sveitarfélaga og leggur nýjustu reglugerðir og leiðbeiningar fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 21:36